200 þús. tonna jafnstöðuafla

Við í Landssambandi smábátaeigenda höfum lagt til í nokkur ár að tekinn verði upp 200 þúsund tonna jafnstöðuafli í þorski. Ég hefði því viljað sjá hærri veiðiráðgjöf frá Hafrannsóknastofnuninni, en mér er ljóst að núgildandi aflaregla gefur aðeins 177 þúsund tonn samkvæmt útreikningum stofnunarinnar. Ég tel brýnt að ríkisstjórnin endurskoði nýtingarstefnu sína og hækki veiðihlutfallið frá því sem nú er," sagði Örn Pálsson framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda þegar hann var inntur álits á veiðiráðgjöfinni.


Örn Pálsson

„Ég minni á að bæði viðmiðunarstofninn og hrygningarstofninn eru nú taldir stærri en Hafrannsóknastofnun hafði áður metið að þeir yrðu á þessum tímapunkti. Jafnframt vek ég athygli á því að jafnvel þótt við veiddum 250 þúsund tonn myndu stofnarnir næstu tvö árin, samkvæmt útreikningum Hafró, verða stærri en þeir eru nú. Þess vegna tel ég í góðu lagi að auka aflann í 200 þúsund tonn," sagði Örn.

Góð ýsuveiði á grunnslóð

Hvað ýsustofninn varðar segir Örn að vissulega hafi togurunum gengið erfiðlega að veiða ýsuna. „Ég bendi á í því sambandi að mælingin á stærð stofnsins byggist að verulegu leyti á togararallinu. Hins vegar er enginn samdráttur í ýsuveiðum á grunnslóðinni. Þetta er ástæða til að hafa í huga þegar ýsustofninn er metinn. Úr því að svona er í pottinn búið finnst mér að heimila ætti meiri ýsukvóta en þau 37.000 tonn sem Hafró leggur til, en að viðbótin renni til báta á grunnslóð með ívilnun," segir Örn.

Steinbítur - 40% niðurskurður óraunhæfur

„Varðandi steinbítinn er veiðistofninn aftur byrjaður að stækka, en nýliðun heldur hins vegar áfram að falla að mati Hafró. Sjómenn benda á að steinbítur sé farinn að veiðast á mun fleiri stöðum en hér áður fyrr og merkja ekki þann samdrátt á línuna að ástæða sé til að skerða veiði um 40%. Þær raddir gerast hins vegar æ háværari að stækka þurfi friðunarsvæði á hrygningarslóð á Látragrunni og banna beina sókn með dragnót og botnvörpu í steinbít," segir Örn.

> Brýnt er að stjórnvöld hækki veiðihlutfallið frá því sem nú er.

Spyrja þarf grásleppukarla

Hafrannsóknastofnun leggur til samdrátt í grásleppuveiðum sem jafngildir fjórðungs aflaminnkun miðað við meðaltal síðustu tíu ára. Ef farið yrði að ráðgjöfinni yrði aflahámarkið 7.700 hrognatunnur á næsta ári.

„Þessi ráðgjöf veldur miklum áhyggjum. Veiðin hefur gengið í bylgjum síðustu árin og á árinu 2010 áttum við okkar bestu vertíð frá því 1987, en þá var veiðin þrisvar sinnum meiri en Hafró leggur til að veitt verði á vertíðinni 2012. Fyrir vertíðina í ár ákváðum við hins vegar af markaðsástæðum að draga úr veiði með því að fækka dögum. Ég tel að fara þurfi miklu betur ofan í saumana á þessari ráðgjöf, taka tillit til afladagabóka sjómanna og leita frekari upplýsinga og mats þeirra á ástandi stofnsins áður en ákvörðun verður tekin um afla næsta árs," sagði Örn Pálsson.

» gudjon@fiskifrettir.is